

Nefndasvið Alþingis
Eva Margrét Ævarsdóttir
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

20.01.03

03-0031
000.21

Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda

Við er til bréfs yðar, dags. 10. desember 2002, þar sem óskað er eftir umsögn Vinnueftirlitsins um ofangreint frumvarp.

Í 18. gr. frumvarpsins er fjallað um viðbragðsáætlanir. Þar kemur fram að atvinnurekstur sem valdið getir mengun og talinn er upp í fylgiskjali I með frumvarpinu, skuli gera áætlanir vegna bráðamengunar og skulu þær liggja fyrir áður en starfsleyfi er gefið út. Skulu slíkar áætlanir byggjast á áhættumati, sem tekur m.a. tillit til þátta sem fram koma í fylgisskjali I með frumvarpinu og mælt verður frekar fyrir um í reglugerð. Þá er gert ráð fyrir því að Umhverfisstofnun geri tillögur til umhverfisráðherra, að höfðu samráði við ráðgjafaraðila skv. 5. gr. frv., um þessar áætlanir og viðbrögð gegn bráðamengun.

Í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir segir í 3. tölul. 5. gr., að umhverfisráðherra setji í reglugerð til að stuðla að framkvæmd mengunarvarnareftirlits, almenn ákvæði um áhættumat fyrir atvinnurekstur þar sem hættu er á stórslysum vegna aðferða og efna sem notuð eru við starfseminu og endurskoðun áhættumats, svo og upplýsingar sem ábyrgðaraðilum atvinnurekstrar er skylt að láta í té beri slys að höndum.

Reglugerð 263/1998 er sett í samræmi við ofanritað en hún byggir jafnframt á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Með henni er innleidd tilskipun ESB um varnir geng meiriháttar iðnaðarslysum nr. 96/82 (svonefnd "Seveso II – tilskipun). Markmið hennar er að tryggja sem best öryggi starfsmanna og almennings sem og að vernda umhverfið gegn skaðlegum áhrifum slíkra slysa. Þau slys sem um ræðir geta verið af ýmsum toga svo sem sprengingar, stórbrunnar og efnalekar. Markvisst er unnið að samræmdri framkvæmd þessara reglna á EES svæðinu. Gagnagrunnar hafa verið settir á laggirnar, sérfræðinganefndir starfa að úrlausn erfiðra viðfangsefna, leiðbeiningar eru gefnar út o.s.frv.

Gildissviðið ofangreindrar reglugerðar er iðnaðarstarfsemi og birgðastöðvar þar sem tiltekið magn ákveðinna efna er geymt eða notað, skv. nánari skilgreiningu í Viðauka I með reglugerðinni. Starfsemi sem fellur undir gildissviðið ber skylda til að gera annað hvort fullt hættumat eða svonefnt stefnumarkandi skjal, eftir því um hve mikið magn efna er að ræða.

VINNUEFTIRLITIÐ

Sérstök samstarfsnefnd hefur það hlutverk að samræma umfjöllun og aðgerðir stjórnvalda og eiga í henni sæti fulltrúar Vinnueftirlitsins, Holluverndar, Brunamálastofnunar og Almannaþingarinnar (sjá reglugerð nr. 557/95).

Þrettán fyrirtæki falla undir ofangreinda reglugerð hér á landi og hafa þau öll lagt fram sínar áætlanir eða drög að þeim. Fimm þeirra hafa verið samþykktar en átta eru í frekara vinnslu og í sumum tilvikum þurfa fyrirtækin að fullkomna sínar áætlanir frekar. Undir reglugerðina falla þau fyrirtæki þar sem mest magn hættulegra efna er til staðar. Fjölmörg fyrirtæki hafa undir höndum minna magn efna og falla því ekki undir gildissvið hennar. Þrjár stærstu birgðastöðvar landsins fyrir eldsneyti falla undir reglugerðina.

Þar sem 18. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir gerð áhættumats, getur verið um að ræða skörun við efni reglugerðar nr. 263/1998. Hér er um að ræða áhættumöt sem eru sambærileg. Eðlilegt væri að starfsemi, sem fellur undir hvoru tveggja þurfi einungis að gera eitt áhættumat, sem gildir þá á báðum sviðum. Nú er í 2. gr. frumvarpsins tekið fram að lög gildi að svo miklu leyti, sem önnur lög gildi ekki þar um. Þrátt fyrir þetta ákvæði væri mun skýrara og æskilegt að okkar mati að bæta inn í 18. gr. frv., málsgrein tæki af öll tvímæli um að fyrirtæki falla undir ákvæði laga og reglna um varnir gegn meiriháttar iðnaðarslysum skuli haga skuli haga sínum ráðstöfunum samkvæmt þeim lögum.

Að öðru leyti gerir Vinnueftirlitið ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri